

	<p>Sigurður Einarsson, arkitekt</p>
<p>Menntun</p>	<p>Arkitekt (cand. arc.) frá Arkitektaskóla Konunglegu Listaakademíunnar í Kaupmannahöfn árið 1985</p>
<p>Vinnustaður</p>	<p>Batteríð ehf, arkitektar</p>
<p>Netfang og/eða farsími</p>	<p>sig.e@arkitekt.is 896 2540</p>
<p>Gerðist félagsmaður</p>	<p>8. apríl 1997</p>
<p>Viðfangsefni /starf</p>	<p>Ég hef yfirumsjón með hönnun Batterísins, sem er rúmlega 30 manna fyrirtæki sem ég stofnaði með félagamínunum fyrir 20 árum. Sem hönnunar- og verkefnisstjóri stjórna ég verkefnum frá samkeppnistillögum eða frumtillögum til endanlegrar hönnunar og útboðs. Þetta á við um ýmiskonar innréttingaverkefni, hönnun íbúðar-, atvinnu- og opinberra bygginga auk vinnslu deiliskipulagsáætlana.</p> <p>Pekktasta verk Batterísins er án efa Skáli Alþingis sem fékk bæði menningarverðlaun DV árið 2002 og ásamt endurbyggingu Alþingishússins viðurkenningu frá Öryrkjabandalagi Íslands fyrir gott aðgengi.</p> <p>Fyrir utan aðalstarf mitt sinni ég pólitísku starfi þar sem ég lét fyrst og fremst að mér kveða í skipulagsmálum, var m.a formaður skipulagsnefndar Hafnarfjarðar og formaður Samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.</p> <p>Í dag sit ég í stjórn Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og sinni þar áhugamálum mínum um ræktun lands og að skapa umgjörð um vaxandi útivistaráhuga fólks.</p>
<p>Pælingar mínar tengdar vinnuvistfræði</p>	<p>Arkitektúr snýst um að hanna „gott“ nýtt umhverfi og bæta það sem fyrir er. Vinnuvistfræðipátturinn er sjálfsagður partur af hönnuninni sem ég byrjaði að temja mér í skóla og hef síðan markvisst reynt að bæta við í þeim verkefnum sem ég tek að mér. Sérstaka athygli fengu aðgengismálin þegar ég vann ásamt tveimur félögum mínum í Batteríinu og starfshópi á vegum Öryrkjabandalags Íslands að gerð handbókarinnar “Aðgengi fyrir alla”.</p> <p>Mitt verkefni er að hanna umgjörð um líf og starf fólks. Umgjörðin þarf fyrst og fremst að vera sveigjanleg, geta tekið öllum þeim breytingum sem ný viðmið, tækni og hugsunarháttur hefur í för með sér.</p> <p>Eitt lítið dæmi um áherslur eru þau þrjú íþróttahús sem við höfum</p>

	<p>hannað. Í öllum tilfellum er um vinnustað barna, unglunga, kennara og þjálfara að ræða. Við óskuðum sérstaklega eftir því að hafa glugga, þ.e. gott dagsljós í íþróttasölunum sem varð raunin, en er því miður of sjaldgæft hér á landi. Það er auðveldara að myrkva ef menn vilja vera án dagsbirtunnar en að setja glugga á bygginguna eftir á ef menn kjósa dagsljósið.</p>
<p>Eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert</p>	<p>Fyrir utan áhuga minn á listum er hitt aðaláhugamál mitt útivist. Fjölskyldan gengur mikið bæði á fjöll og lengri ferðir, stundar skíði og fer oft á sumrin í silungs- og laxveiði.</p> <p>Við hjónin eigum 5 börn sem eru á aldrinum 11-22 ára. Við höldum jól og áramót 2006-07 með börnunum í skíðabænum Wagrain í Austurríki, sérlega fallegum bæ þar sem jólasálmurinn „Heims um ból“ var fyrst fluttur fyrir rúmum 100 árum. Bærinn er eitt stórt jólakort. Þetta var í fyrsta skipti sem við höldum hátíðarnar utan heimilisins og þrátt fyrir ákveðinn trega hjá þeim yngstu fyrir ferðina að vera fjarri vananum, breyttist hann í tóma hamingju. Til að gera langa sögu stutta var þetta óviðjafnanleg ferð, fjölskyldan öll saman á skíðum og brettum í rjómaflíðu, laus við allt stress, áreiti og áhyggjur. Að halda hátíðleg jól á þennan máta er einu orði sagt stórkostlegt.</p>